

Veikindafjarvistir 2000-2006 samkvæmt gagnagrunni InPro


Heilbrigðisþjónusta InPro hefur um árabíl boðið fyrirtækjum upp á trúnaðarlæknisþjónustu og fjarvistaskráningar. Samstarfið kemur í stað hefðbundinna læknisvottorða og er markmiðið að veita starfsmönnum ráðgjöf og lágmarka fjarvistir vegna veikinda og slysa. Skráðar hafa verið upplýsingar frá fjölda fyrirtækja um land allt og því gefur gagnasafn InPro færi á því að útbúa staðtölur sem geta gefið vísbendingu um fjarvistir frá vinnu í atvinnulífinu í heild. Þar sem þátttaka fyrirtækja er ekki handahófskennd heldur bundin við ákvörðun fyrirtækja um samstarf við InPro er úrtakið bjagað en í hvaða veru liggur ekki fyrir. Skipting fyrirtækja á atvinnugreinar eða stærðardreifing þeirra liggur ekki fyrir né heldur skipting starfsmanna þessara fyrirtækja á starfsstéttir. Þá liggur ekki fyrir í hvaða mæli upplýsingarnar taka til sömu fyrirtækja eftir árum og því ekki hægt að fullyrða með vissu um það hvort breytingar milli tímabila endurspegli árangur eða breytta samsetningu í fyrirtækjahópnum. Fyrirfram má þó búast við því að fyrirtæki sem nýta sér þjónustu InPro séu í stærri kantinum og að þau telji fjarvistir vera meira vandamál en hjá fyrirtækjum almennt.

Upplýsingar um veikindafjarvistir einstaklinga frá árunum 2000-2006 liggja fyrir og nær gagnasafn ársins 2006 til tæplega 11 þúsund starfsmanna. Fjarvistum er meðal annars skipt eftir lengd þeirra, tegund veikinda, kyni og aldri starfsmanna.

Fjarvistir vegna veikinda virðast hafa minnkað

Helstu niðurstöður eru þær að meðalfjöldi veikindadaga, bæði vegna eigin veikinda og slysa og veikinda fjölskyldumeðlima, á hvern starfsmann var 8,4 árið 2006. Veikindahlutfallið, þ.e. hlutfall veikindadaga á ári af vinnudögum ársins, er fundið með því að deila 225 í veikindadagana. Heildarfjöldi vinnudaga er áætlaður 225 en þá eru frádragnir laugar- og sunnudagar, orlofsdagar (áætlaðir 25) og sérstakir frídagar (11 að meðaltali). Hlutfallið hefur farið lækkandi síðan árið 2000, en það varð hæst árið 2002 þegar það náði 4,1% og starfsmenn voru rúmlega 9 daga frá vinnu að meðaltali, en hafði lækkað í 3,8% og 8 daga árið 2006. Þessar niðurstöður eru nokkuð frábrugðnar niðurstöðum úr gagnagrunni ParX¹, en skv. þeim jukust fjarvistir verulega milli áranna 2004 og 2005.


Veikindahlutfall og veikindadagar á starfsmann
Meðaltöl 2000-2006



¹ <http://www.sa.is/frettir/almennar/nr/3727/>

Samanlagðar fjarvistir eftir lengd á 12 mánaða tímabili

Í kjarasamningnum er kveðið á um að starfsmenn eigi tiltekinn rétt til launa í veikindum á hlaupandi 12 mánaða tímabili. Í eftirfarandi línuriti er veikindafjarvistunum skipt eftir því hversu marga virka daga starfsmenn voru fjarverandi samtals á árinu 2006. Fjarvistir í öllum veikindatilvikum starfsmanna eru lagðar saman og þær flokkaðir eftir lengd þeirra. Eins og fram hefur komið voru fjarvistir árið 2006 að meðaltali 8,4 dagar eða 3,8% vinnudaga á árinu. Fjarvistir sem stóðu yfir samtals í 1-5 virka daga voru 1,4 að meðaltali eða sem nemur 0,6% vinnudaga og fjarvistir í 6-10 virka daga voru svipaðar. Skammtímafjarvistir, fjarvistir í minna en tvær vikur, námu því 1,23% vinnudaga eða sem nemur þriðjungi allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu yfir í 11-20 daga, þ.e. í tvær til fjórar vikur námu samtals 0,83% vinnudaga eða um fimmtingi allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu samtals í fjórar vikur eða minna námu því 2,1% vinnudaga eða rúmum helmingi allra fjarvista. Fjarvistir sem stóðu yfir lengur en einn mánuð og minna en þrjá námu 1,0% vinnudaga og lengri fjarvistir en 3 mánuðir (meira en 60 virkir dagar) námu 0,7% vinnudaga.




Fjarvistir innan ársins

Mikill munur er á fjarvistum vegna veikinda innan ársins þar sem þær minnka mikið með hækkandi sól og hlýrra loftslagi. Í meðfylgjandi töflu má sjá hvernig veikindafjarvistir ársins 2006 skiptast milli ársfjórðunga en þar kemur fram að þær eru lang minnstar á þriðja ársfjórðungi og mestar á þeim fyrsta. Veikindadagar eru tæplega tveir á starfsmann að meðaltali á þriðja ársfjórðungi og 3,4% af vinnudögum, en vera kann að sumarleyfi hafi þau áhrif að fjarvistirnar eru minni á öðrum og þriðja ársfjórðungi.


Veikindafjarvistir eftir ársfjórðungum 2006		
	Meðalfjöldi veikindadaga	Hlutfall af heildarvinnudögum
1. ársfjórðungur	2,52	4,6%
2. ársfjórðungur	2,04	3,7%
3. ársfjórðungur	1,86	3,4%
4. ársfjórðungur	2,23	4,1%

Veikindafjarvistir mestar hjá þeim yngstu

Veikindafjarvistir eru mjög mismunandi eftir aldri starfsmanna og vekur athygli að þær eru áberandi mestar í yngstu aldurshópnum. Á aldursbilinu 20-25 ára eru veikindadagar að meðaltali 14 á starfsmann á ári, sem er 6% vinnudaga og í aldurshópnum 26-30 ára eru veikindadagarnir 12 á ári og veikindahlutfallið 5%. Vera kann að fjarvistir vegna veikinda barna eigi þarna nokkurn hlut að máli. Minnstar eru fjarvistir hjá einstaklingum á aldrinum 41-45 ára eða 5 veikindadagar á ári að meðaltali og er veikindahlutfallið 2,3% í þeim aldurshópi. Eftir fimmtugt er veikindahlutfallið nokkuð stöðugt á bilinu 3-3,5% og veikindadagarnir 6-7 að meðaltali.




Skýrt samband er á milli aldurs og lengdar fjarvista þar sem skammtímafjarvistir eru algengastar hjá þeim yngri og langtímafjarvistir hjá þeim eldri. Í yngstu aldurshópnum, 21-20 ára, eru fjarvistir vegna veikinda sem standa yfir í minna en mánuð algengastar eða sem nemur um 70% veikindadaga en hjá þeim sem eru eldri en 70 ára er hlutfallið öfugt eða 30%.



Veikindafjarvistir vegna barna

Fjarvistir vegna veikinda barna veiga 6% af fjarvistum í heild eða sem nemur hálfum degi á hvern starfsmann á ári að meðaltali. Rúmlega 70% fjarvista vegna veikinda barna var hjá konum en tæplega 30% hjá körlum. Þessi niðurstaða er skýr vísbending um að konur axli fjölskylduábyrgð í meira mæli en karlar. Hluttur kvenna hefur þó lækkað lítillega á síðustu árum en sú lækkun er óveruleg.



Kostnaður vegna veikindafjarvista

Mikill beinn og óbeinn kostnaður fellur til vegna fjarvista af völdum veikinda og slysa og þar af leiðandi er mikið í húfi fyrir atvinnulífið að halda fjarvistum í lágmarki. Árið 2006 eru heildarlaun allra launamanna ásamt launatengdum gjöldum áætluð 686 milljarðar króna. Það ár námu veikindafjarvistir 3,8% vinnudaga sem jafngildir því að launagreiðslur í veikindum hafi numið 26 milljörðum króna. Með þá fjárhæð bætist síðan kostnaður vegna staðgengla þeirra sem fjarverandi, oft í formi aukinnar yfirvinnu annarra starfsmanna, og ýmis annar kostnaður vegna röskunar á starfsemi.

Niðurstöður

Heldur hefur dregið úr fjarvistum vegna veikinda hjá fyrirtækjum sem nota þjónustu InPro við skráningu og greiningu fjarvista. Samkvæmt upplýsingum gagnasafns InPro námu veikindafjarvistir starfsmanna 8,4 vinnudögum að meðaltali árið 2006 sem nemur 3,8% af heildarvinnudögum. Eldra fólk á vinnumarkaði er síður fjarverandi vegna veikinda en yngra starfsfólkið og er aldurshópurinn 21-25 ára tvöfalt meira frá vinnu en 41-45, eða sem nemur 9 dögum á ári. Yngra fólk er oftár fjarverandi frá vinnu en þeir eldri en skemmri tíma í einu, en langtímafjarvistir fara vaxandi með aldri. Konur fá leyfi vegna veikinda barna í mun meira mæli en karlar og er skiptingin 70% á móti 30%.